

**Nd.**

**82. Frumvarp til laga**

**[63. mál]**

um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

**I. KAFLI**

**Tilgangur.**

**1. gr.**

Iðnaðarmálastofnun Íslands er sjálfstæð stofnun og er tilgangur hennar að efla framfarir í íslenskum iðnaði, m. a. með því að:

1. Stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð iðnaðarframleiðslunnar með því að kynna þeim, er iðnað stunda, tæknilegar nýjungar og veita þeim leiðbeiningar, er miði að auknum afköstum, verknýtingu og vöruvöndun.
2. Rannsaka mikilvægi einstakra þátta í framleiðni (produktivitet) iðnaðarins og kynna árangurinn, svo að notum komi fyrir iðnfyrirtækin og tæknifræðsluna í landinu.
3. Efla samvinnu milli framleiðenda, stofnana og félagasamtaka innanlands um viðleitni til framfara í íslenskum iðnaði, og hafa náið samstarf við þá aðila um þessi mál.
4. Leggja grundvöll að viðurkenndum mælikvörðum eða fyrirmyndum (standards) fyrir íslenska iðnaðarframleiðslu, í samræmi við það, er bezt þekkt erlendis, og stuðla að því að komið verði á gæðamati iðnaðarvara.
5. Vinna að því, í samráði við Hagstofu Íslands, að ár hvert sé gefin út heildarskýrsla um iðnaðarmálin í landinu.
6. Hafa samband og samstarf við hliðstæðar erlendar tæknistofnanir.

Stofnunin skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnaðinn varða, öðrum en fiskiðnaði.

Veita skal almenningi aðgang að því að njóta árangurs af störfum stofnunarinnar, eftir því sem frekast eru föng á.

## II. KAFLI

### Fjármagn.

#### 2. gr.

Fé skal veitt til stofnunarinnar árlega á fjárlögum.

## III. KAFLI

### Stjórn og skipulag.

#### 3. gr.

Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar til 4 ára í senn. Formann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar, en 7 fulltrúar eiga sæti í stjórninni að fengnum tillögum eftirtalinna félagasamtaka, þannig:

1	—	—	Landssambands iðnaðarmanna,
1	—	—	Sambands isl. samvinnufélaga,
1	—	—	Vinnuveitendasambands Íslands,
1	—	—	Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands,
2	—	—	Alþýðusambands Íslands, og skal annar vera fulltrúi iðnverkafólks.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Allar ákvarðanir stjórnarinnar verða að vera samþykktar með atkvæðum meiri hluta stjórnarmanna.

#### 4. gr.

Stjórnin skal koma saman eigi sjaldnar en mánaðarlega, en auk þess þegar formaðurinn eða minnst þrjú stjórnarmenn óska þess. Boða skal til fundar með minnst 3 daga fyrirvara og láta málaskrá fylgja fundarboði.

Halda skal gerðabækur um alla fundi.

#### 5. gr.

Daglegum störfum stofnunarinnar stýrir framkvæmdastjóri, ráðinn af stjórninni, sem einnig ákveður laun hans, að fengnu samþykki ráðherra.

Framkvæmdastjórinn skal undirbúa mál þau, sem stjórnin á að fjalla um. Hann skal sitja fundi hennar og annast um framkvæmdir á samþykktum stjórnarinnar.

#### 6. gr.

Stjórnin skal:

1. Ráða annað starfslið stofnunarinnar, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, og ákveða laun þess í samráði við ráðherra.
2. Setja starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra og starfsfólk.
3. Samþykkja fjárhagsáætlun.
4. Taka ákvarðanir um einstakar aðgerðir til eflingar framleiðslunnar, sbr. 1. grein.
5. Gæta þess að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við lög þessi og reglugerð.
6. Ganga frá ársreikningum. Reikningsárið skal vera almanaksárið.
7. Ráða endurskoðanda, setja honum erindisbréf og samþykkja reikningana eftir skýrslum endurskoðandans.
8. Ganga frá ársskýrslum fyrir árið.
9. Sjá um að ársuppgjör stofnunarinnar fari til endurskoðunar á sama hátt og rekstrarreikningar ríkisstofnana.

#### IV. KAFLI

##### Yfirstjórn.

###### 7. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

#### V. KAFLI

##### Um gildistöku laganna.

###### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan iðnaðarmálaráðherra af 7 manna nefnd, er skipuð var 20. febrúar s. l.

Ríkisstjórnin hefur gert örfáar breytingar á frumvarpinu. Sú veigamesta er við 1. gr., næst síðustu málsgrein, þar sem bætt er við orðunum: „öðrum en fisk-iðnaði“. Er breytingin tilkomin vegna þess, að svo er til ætlað, að Fiskifélag Íslands sé ríkisstjórninni til ráðuneytis í þessum málum, og er það samkvæmt vilja stærstu samtaka fiskiðnaðarins.

Tillögum nefndarinnar fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Hinn 20. febr. s. l. skipaði hr. Ingólfur Jónsson, iðnaðarmálaráðherra, sjö manna nefnd til þess að semja lög og reglur um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Skipaðir voru í nefndina:

Kristján Jóh. Kristjánsson, formaður Félags isl. iðnrekenda, Björgvin Frederiksen, formaður Landssambands iðnaðarmanna, Benedikt Gröndal, í framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands, Óskar Hallgrímsson, formaður Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands, Kristjón Kristjónsson, framkvæmdastjóri, fulltrúi Sambands isl. samvinnufélaga, Þorsteinn Gíslason, verkfræðingur hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og Páll S. Pálsson, lögfræðingur, sem skipaður var formaður nefndarinnar.

Um það leyti, er nefndin hóf störf, hinn 26. febr. s. l., var sú breyting gerð á skipan hennar, að Kristjón Kristjónsson var að eigin ósk leystur frá störfum sem fulltrúi í nefndinni, en ráðuneytið skipaði í hans stað Harry Frederiksen, framkvæmdastjóra iðnaðardeildar Sambands isl. samvinnufélaga. Jafnframt skipaði ráðuneytið Kristjón Kristjónsson til þess að vera varaformann nefndarinnar.

Þegar nefndin hafði að miklu leyti lokið störfum, þ. e. í september s. l., hvarf Þorsteinn Gíslason af landi burt til allt að tveggja mánaða dvalar erlendis. Að ábendingu formanns nefndarinnar skipaði ráðuneytið Gísli Hermannsson, verkfræðingur hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, til þess að gegna störfum sem vara- maður Þorsteins.

Nokkuð tafði störf nefndarinnar, að einstakir nefndarmanna voru erlendis um vor- og sumartímam um lengri og skemmri tíma.

Ráðuneytið lagði hins vegar áherzlu á, að nefndin skilaði sameiginlegu álitni í frumvarpsformi fyrir næsta reglulegt Alþingi, og hefur nefndin stefnt að því marki.

Nefndin hefur nú lokið störfum og sendir hér með tillögur sínar í frumvarpsformi til hins háa ráðuneytis.

Um frumvarpið sjálf er það að segja, að nefndin hafði til hliðsjónar við samningu þess að nokkru leyti frumvarpstíllögur frá þriggja manna nefnd, sem séð hefur um stofnsetningu og byrjunarrekstur Iðnaðarmálastofnunarinnar og að öðru leytinu samþykktir og starfsreglur frá nágrannalöndunum um sams konar stofnanir þar.

Einnig hafði nefndin til athugunar eins konar sýnishorn af tillögum til uppbyggingar á tæknistofnunum af þessu tagi, samdar til leiðbeiningar fyrir þátttökuríki í vestrænni samvinnu um tæknileg framfaramál.

Þá athugaði nefndin einnig öll þingskjöl, sem fram hafa komið varðandi tækni-  
miðstöð fyrir iðnaðinn, og skýrslur, sem birzt hafa um aðdragandann að stofnuninni.

Nefndin telur, að stofnun sem þessi eigi nauðsynlegu hlutverki að gegna í íslenzku athafnalífi. Ríkisvaldinu beri að styðja hana og styrkja, en stofnunin eigi þó að vera sjálfstæð að formi til og lúta eins konar sjálfstjórn, er skipuð sé fulltrúum atvinnurekenda í iðnaði og vinnuþega við iðnaðarstörf.

Var fullkomið samkomulag innan nefndarinnar um markmið stofnunarinnar og skipulag.

Óskir bárust til ráðuneytisins og einnig beint til nefndarinnar frá ýmsum félagasamtökum um aðild að stjórn stofnunarinnar, m. a. frá Verkfræðingafélagi Íslands, Iðnfræðingafélagi Íslands, Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði, Vinnuálagssambandi samvinnufélaganna, Iðnfræðsluráði og Neytendasamtökum Reykjavíkur.

Þessi þáttur frumvarpsins, stjórnaraðildin, varð tilefni til mikilla umræðna og athugana í nefndinni, en að lokum varð samkomulag um að leggja til, að stjórnin yrði skipuð með þeim hætti, er segir í 3. grein frumvarpsins.

Samkvæmt skipunarbréfinu átti nefndin að semja frumvarp til laga um „Iðnaðarmálastofnun Íslands“, svo að nefndin hefur ekki gert tillögur til breytinga á nafni stofnunarinnar, en telur þó að stytta megi að ósekju nafnið í „Iðnaðarstofnun Íslands“.

Nefndin telur miklu varða, að gengið verði frá lögum og starfsreglum fyrir stofnunina eins fljótt og kostur er á, því að óhjákvæmilega háir það störfum stofnunarinnar, að óvissa ríkir enn um skipulag hennar og stjórn.

Reykjavík, 9. okt. 1954.

Páll S. Pálsson.      Björgvin Frederiksen.      Harry Frederiksen.  
Óskar Hallgrímsson.      Kr. Jóh. Kristjánsson.      Ben. Gröndal.  
Gísli Hermannsson.